



Reglugerð um æfingagjöld og afslætti

Skráning iðkanda og æfingagjald

1. grein - Æfingagjöld

Greiðsla æfingagjalda er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og mótum. Æfingagjöldin eru helsta rekstrarforsenda barna- og unglingastarfs Aftureldingar. Ganga þarf frá greiðslu æfingagjalda sem fyrst eftir að tímabilið byrjar. Ef ekki hefur verið gengið frá greiðslu æfingagjalda mánuð eftir að tímabil hefst má búast við að æfingagjald verði sett á einn greiðsluseðil inn á heimabanka forráðamanns.

Hefji iðkandi æfingar á miðju námskeiði greiðir hann æfingagjöld hlutfallslega frá fyrstu æfingu.

Séu eldri æfingagjöld ógreidd er óheimilt að skrá iðkanda á nýtt tímabil nema vanskil séu gerð upp eða hafa samið um uppgjör eldri skuldar.

Greiðsla æfingagjalda fer fram í gegnum skráningarkerfið Abler

[Afturelding](#) | [Námskeið](#) | [Abler](#)

Inni í skráningarkerfinu eru þrír möguleikar í boði við greiðslu æfingagjalds:

- Kreditkort - í boði að skipta upphæð niður, 3% umsýslugjald leggst á þegar greiðslum er skipt.
- Greiðsluseðill - í boði að skipta upphæð niður, 390,- kr. seðilgjald leggst á hvern greiðsluseðil.
- Debetkort - Hægt er að skrá greiðslu á debetkort ef debetkortið er af nýrri gerðinni og 4 x 4 stafa númer er prentað á framhliðina. Þá er gengið frá greiðslu líkt og um skráningu á kreditkorti sé að ræða.

2. grein - Frístundastyrkur

Við skráningu iðkenda í Abler er hægt að nýta frístundastyrk sveitarfélaga. Fjárhæð styrksins er mismunandi milli sveitarfélaga.

ATH ekki er heimilt að endurgreiða það sem greitt hefur verið með frístundastyrk

[Frístundaávisun - samskiptareglur](#)

3. grein - Afsláttur á æfingagjaldi

Veittur er 10% systkinaafsláttur innan félags og 10% fjölgreinaafsláttur á milli deilda. Afslátturinn reiknast sjálfkrafa í Abler við skráningu númer tvö og þrjú.

Afsláttir eru svo gerðir upp á milli deilda í lok hvers tímabils (sept-ágúst).



4. grein - Fjárhagserfiðleikar

Komi upp greiðsluvandi skal hafa samband við íþróttafulltrúa félagsins á netfangið hannabjork@aturelding.is og finna úrlausn sem leiðir til áframhaldandi þátttöku iðkandans.

Reglugerð samþykkt af aðalstjórn 10. september 2025